

Mánudaginn 16. janúar 1956.

Nr. 14/1952. Útvegsbanki Íslands h/f (Lárus Fjeldsted)
gegn

Kaupfélagi Siglfirðinga (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa samkvæmt 74. gr. víxillaga.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1952 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vætti manna þeirra, sem voru í stjórn stefnda á árunum 1942—1945, og öðrum gögnum málsins er sannað, að greitt var úr sjóði stefnda fé síðustu mánuði ársins 1942 til mannvirkjagerðar að Gili í Fljótum, en þau mannvirki urðu eign h/f Gilslaugar, sem stofnað var til fullnaðar 7. maí 1943 og skrásett 5. júní s. á. Hinn 6. janúar 1943 var seldur víxill í Sparisjóði Siglufjarðar, að fjárhæð kr. 30.000.00, út gefinn af Sigurði Tómassyni kaupfélagsstjóra og samþykktur af stefnda, og var andvirði hans varið til greiðslu á fé því og vörum, er stefndi hafði innt af hendi vegna hins fyrirhugaða hlutafélags. H/f Gilslaug missti gróðurhús sín í fárviðri í desember 1943, og voru þau endurreist 1944. Lenti hlutafélagið m. a. af þessum sökum í fjárþröng og gat eigi greitt það fé, sem stefndi hafði lagt fram fyrir það. Var sparisjóðsvíxillinn framlengdur afborgunarlaust til 13. júlí 1944, en þá seldi Sigurður kaupfélagsstjóri Tómasson áfrýjanda víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, sem gefinn var út af stefnda, en samþykktur af h/f Gilslaugu. Þykja nægilegar sönnur að

því leiddar, að andvirði víxils þessa hafi verið varið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum. Víxill sá, sem áfrýjandi keypti, var framlengdur, lenti síðar í vanskilum og var enn framlengdur til 12. júlí 1945. Hvarf þá nafngreindur maður, sem samkvæmt dómi Hæstaréttar 13. desember 1946 eigi var til þess bær, frá afsögn hans af hendi stefnda. Batt sú ráðstöfun eigi stefnda. Leið því víxilréttur áfrýjanda á hendur stefnda undir lok samkvæmt 53. gr. laga nr. 93/1933, og var víxilmáli áfrýjanda á hendur honum vísað frá með nefndum dómi Hæstaréttar.

Með dómi bæjarþings Siglufjarðarkaupstaðar, upp kveðnum 12. febrúar 1946, var h/f Gilslaug dæmd til að greiða áfrýjanda nefndan víxil, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 og $\frac{1}{3}\%$ þóknun af víxilfjárhæðinni. Hinn 22. júní 1946 gerði áfrýjandi fjárnám í eignum h/f Gilslaugar til tryggingar dómi þessum, en á uppboði hinn 31. ágúst 1946 voru hinar fjárnumdu eignir lagðar út áfrýjanda sem 1. veðréttarhafa vegna annarra skuldaskipta, og var því nefnd víxilskuld að engu greidd af andvirði þeirra. H/f Gilslaug var tekin til gjaldprotaskipta hinn 24. ágúst 1946. Hrökk búið einungis til greiðslu á 20.282% af forgangskröfum.

Svo sem lýst var, þykja sönnur að því leiddar, að andvirði sparisjóðsvíxils þess, er í málinu greinir, hafi runnið til greiðslu á skuldum h/f Gilslaugar við stefnda og andvirði víxils þess, er áfrýjandi keypti, hafi runnið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum. H/f Gilslaug gat eigi innt af hendi skuldir þær, sem goldnar voru með víxilkaupunum, og ekkert fékkst upp í þær úr þrotabúi h/f Gilslaugar. Stefndi myndi því vinna úr hendi áfrýjanda víxilfjárhæðina, ef fjárheimta áfrýjanda félli niður. Ber því samkvæmt 74. gr. laga nr. 93/1933 að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Siglfirðinga, greiði áfrýjanda, Útvegsbanka Íslands h/f, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxt-

um frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. nóvember 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Útvegsbanki Íslands h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Siglufjarðar að undangenginni árangurslausri sáttatilaun með stefnu, út gefinni 18. febrúar 1947, gegn Kaupfélagi Siglfirðinga, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 30.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þessi:

Þann 18. september 1942 samþykkti stjórn Kaupfélags Siglfirðinga (hér eftir skammstafað K.F.S.) að leggja fram kr. 18.000.00 í hlutafé til fyrirhugaðs gróðurhúss að Gili í Austur-Fljótum. Jafnframt var samþykkt, að K.F.S. skyldi leggja fram nauðsynlegar greiðslur til undirbúningsstarfs, þar til hlutafélag um gróðurhúsin væri formlega stofnað.

Hinn 24. október s. á. var haldinn undirbúningsstofnfundur hlutafélags þessa og samþykkt svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að stofna hlutafélag til að byggja og starfrækja gróðurhús að Gili í Fljótum og kýs í því skyni 3 manna bráðabirgðastjórn, er annist framkvæmdir í bili og undirbúi framhaldsstofnfund síðar.“ Kosningu í stjórn þessa hlutu Otto Jørgensen, Sigurður Tómasson og Þóroddur Guðmundsson. Samkvæmt fundargerðabók Gilslaugar h/f var enn fremur á fundi þessum undirritaður stofnsamningur í 10 liðum, er færður var inn í gerðabókina. Samningur þessi er alveg samhljóða endanlegum stofnsamningi, dags. 7. maí 1943, að öðru leyti en því, að í fyrri samningnum er eyða fyrir heiti félagsins og fyllri ákvæði skortir um hlutafé, sem þar er ákveðið nokkru lægra. Þann 7. maí 1943 mun endanlega hafa verið gengið frá stofnun h/f Gilslaugar, og var félagið skrásett 5. júní s. á.

Stefnandi skýrir svo frá, að haustið 1942 hafi K.F.S. byrjað byggingaframkvæmdir að Gili, og hafði félagið þá um áramótin lagt út allmikið fé í því skyni. Greiðslukvittanir fyrir þessum útborgunum lágu í kassa K.F.S. Hinn 6. janúar 1943 tók þáverandi kaupfélagsstjóri, Sigurður Tómasson, víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, í Sparisjóði Siglufjarðar, og var andvirði hans varið til að greiða fyrrnefnda reikninga, er lágu í kassa K.F.S., auk

úttektar, er færð var í bækur félagsins. Víxill þessi var samþykktur af K.F.S., en út gefinn af Sigurði Tómassyni.

Að sögn stefnanda hófst rekstur h/f Gilslaugar sumarið 1943. Uppsæra varð engin um haustið. Í desember þ. á. fuku bæði gróðurhúsin að Gili í ofviðri, og fengust engar bætur fyrir það tjón, þar sem húsin voru ekki tryggð fyrir slíku. Vorið 1944 voru gróðurhúsin reist að nýju, og varð byggingarkostnaður þeirra þannig tvöfaldur. Af þessum sökum gat h/f Gilslaug ekki greitt K.F.S. það fé, er það hafði lagt út, og var því fyrrgreindur víxill í Sparisjóði Siglufjarðar framlengdur afborgunarlaust allt til 13. júlí 1944, en þá tókst Sigurði Tómassyni kaupfélagsstjóra að selja stefnanda víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, samþykktan af h/f Gilslaugu, en út gefinn af K.F.S. Þegar víxill þessi, sem stefnandi keypti, féll í gjalddaga 13. janúar 1945, var hann framlengdur án afborgunar til 13. febrúar s. á., en þá féll K.F.S. frá afsögn. Víxillinn lá síðan í vanskilum til 12. júní 1945, en þá var hann framlengdur til 12. júlí s. á. 13. júlí 1945 féll Már Einarsson, er þá gegndi kaupfélagsstjórastörfum, frá afsögn víxilsins.

Þann 19. nóvember 1945 höfðaði stefnandi víxilmál á hendur K.F.S. Með dómi Hæstaréttar 13. desember 1946 var málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem talið var, að Már hefði ekki verið „bær að lögum til að gera þenna löggerning, þar sem honum hafði ekki verið veitt lögleg prókúra.“ Var ráðstöfun hans því eigi talin bindandi fyrir K.F.S. Samkvæmt þessu hafði víxilréttur stefnanda á hendur K.F.S. liðið undir lok vegna vangeymslu, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Mál þetta var síðan höfðað, eins og fyrr greinir, með stefnu, út gefinni 18. febrúar 1947, og var dómur kveðinn upp 12. ágúst s. á. í undirrétti. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 9. maí 1949, var sá dómur ómerktur svo og meðferð málsins frá þingfestingu fyrir héraðsdómi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Í máli þessu byggir stefnandi dómkröfur sínar á 74. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Hefur hann annars vegar gert grein fyrir tjóni sínu, hins vegar bent á hagnað stefnda, er auðgast hafi um 30.000 krónur auk vaxta á kostnað stefnanda. Hefur stefnandi haldið því fram, að andvirði víxils þess, er tekinn var í Sparisjóði Siglufjarðar 6. janúar 1943, hafi runnið til stefnda, enda hafi Gilslaug h/f þá ekki verið til. Enn fremur hafi andvirði víxils þess, er seldur var í Útvegsbankanum, hér í bæ, 13. júlí 1944 runnið til greiðslu áður nefnds sparisjóðsvíxils. Þá hefur stefnandi og bent á, að Gilslaug h/f hafi verið komin í greiðslu-

þrot um 12. júlí 1944, þar sem félagið hafi þá verið jafnilla statt fjárhagslega, eins og þegar það seinna var tekið til gjaldþrotaskipta, þ. e. hinn 24. ágúst 1946, en þá fengust aðeins greidd 20.282% upp í forgangskröfur, og varð því ekkert greitt upp í almennar kröfur. Eignir h/f Gilslaugar hafi á uppboði 31. ágúst 1946 verið lagðar út 1. veðréttarhafa (stefnanda) fyrir kr. 40.000.00. Gangverð eignanna hafi á árunum 1946—1949 verið um 40.000—50.000 krónur.

Stefnda hefur reist sýknukröfu sína aðallega á eftirfarandi at-
riðum: Gilslaug h/f sé raunverulega stofnuð 24. október 1942 og sé félag það hinn eiginlegi skuldari samkvæmt sparisjóðsvíxl-
inum. Stjórn K.F.S. hafi með áðurgreindri samþykkt 18. septem-
ber 1942 einungis heimilað, að nauðsynlegar greiðslur yrðu inntar af hendi til undirbúningsstarfs vegna Gilslaugar h/f, og skyldu þær greiðslur eigi fara fram úr hlutafjárframlagi félagsins. Sigurður Tómasson kaupfélagsstjóri hafði tekið oftnefndan sparisjóðsvíxl án samþykkis kaupfélagsstjórnarinnar. Víxill þessi sé hvergi bókfærður hjá K.F.S., en hins vegar hjá Gilslaugu h/f. Ósannað sé, að andvirði hans hafi runnið til stefnda. Enn fremur sé ósannað, að andvirði síðari víxilsins, þess er seldur var í Útvegsbankanum, hafi runnið til greiðslu sparisjóðsvíxilsins. Gilslaug h/f hafi verið sæmilega statt fjárhagslega um 13. júlí 1944. Hafi félagið þá átt eignir umfram skuldir og átt greiðan aðgang að rekstrarfé.

Því er ómótmælt í máli þessu, að stefnandi hafi beðið tjón. Hins vegar kemur til álita sú staðhæfing stefnanda, að stefnda hafi hagnast að sama skapi, þ. e. hvort stefnda vinnur fé úr hendi stefnanda, ef fjárheimta þessi fellur niður. Að vísu má orða það svo, að stefnda hafi hagnast á því, að víxilréttur gegn því féll niður. En það sama mætti segja um alla víxilskuldara, sem víxilréttur glatast gegn. Telja verður, að 74. gr. víxillaganna eigi ekki við þessi tilvik. Víxilskuldin er formskuld. Þegar hún fellur niður fyrir vangeymslu, eins og hér hefur átt sér stað, koma til greina þau lögskipti, sem liggja bak við útgáfu víxilsins. Hér verður því að rannsaka, hver síðast átti að svara til kröfu þeirrar, sem lá til grundvallar útgáfu téðs sparisjóðsvíxils.

Umboðsmaður stefnanda hefur hreyft því í málflutningi sínum, að Gilslaug h/f geti ekki talizt skuldari að sparisjóðsvíxlinum svokallaða, þar sem það félag hafi þá ekki verið til. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, var um þetta leyti starfandi bráðabirgðastjórn, er vann að endanlegri stofnun þessa félags. Í þeirri stjórn var Sigurður Tómasson, þáverandi kaup-

félagsstjóri, og virðist undirbúningsstarfið hafa hvílt aðallega á herðum hans. Að hans sögn var margnefndur sparisjóðsvíxill tekinn vegna þarfa Gilslaugar h/f. Meðstjórnendur Sigurðar í bráðabirgðastjórninni telja einnig, að andvirði víxils þessa hafi verið varið í þágu Gilslaugar h/f og hafi því félagi borið að greiða þessa fjárhæð endanlega. Víxill þessi var bókfærður hjá Gilslaugu h/f. Hins vegar hefur hann hvergi sézt færður í bókum stefnda. Í ársskýrslu K.F.S. fyrir starfsárið 1943 segir m. a., að K.F.S. standi í 30.000 króna ábyrgð fyrir h/f Gilslaug, og mun þar átt við víxilskuld þessa. Loks er því ómótmælt af stefnanda, að stefnda hefði átt aðgangsrétt að h/f Gilslaugu, ef það hefði orðið að greiða umrædda skuld samkvæmt víxilrétti, og virðist þessi staðreynd þegjandi viðurkennd og sjálfsögð af öðrum aðiljum, sem hér koma við sögu. Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að hinn raunverulegi skuldari í kröfuréttarsambandi því, er lá til grundvallar áðurnefndum sparisjóðsvíxli, hafi verið Gilslaug h/f. Það félag bar því lokaábyrgð á greiðslu kröfunnar. Stefnda bar einungis ábyrgð á greiðslu kröfu þessarar samkvæmt víxilrétti. Kröfuréttur stefnanda á hendur því féll því niður, um leið og víxilrétturinn glataðist sökum vangeymslu, eins og áður er lýst. Að álit dómarsans skiptir það jafnvel ekki máli, þótt talið yrði, að andvirði margnefnds víxils hefði runnið til greiðslu á skuldum Gilslaugar h/f við stefnda, en það er og engan veginn sannað. Að vísu segir Sigurður Tómasson, að ábyggilega hafi nokkur hluti af andvirði téðs víxils runnið til greiðslu skulda við stefnda, en óupplýst er, hvaða skuldir þetta voru né hvað þær námu hárrí fjárhæð. Önnur vitni, sem borið hafa um þetta atriði, virðast hafa vitneskju sína að meira eða minna leyti frá Sigurði. Það verður því að líta svo á, að ekki hafi tekizt að leiða nægjanlega í ljós, hvernig andvirði víxils þessa var ráðstafað. Sú staðhæfing stefnanda, að sparisjóðsvíxillinn hafi verið greiddur með Útvegsbankavíxlinum, hefur hins vegar við allsterkar líkur að styðjast, en verður þó, eins og á stendur, eigi talin fullsönnuð. Samkvæmt framanrituðu virðist ekki þörf á að kveða á um það, hvernig fjárhagur h/f Gilslaugar var sumarið 1944 né hvort stefnda hefur að öllu samanlögðu borið meira úr bítum en aðrir kröfuhafar í skiptum sínum við Gilslaugu h/f.

Með hliðsjón af framanskráðu verður eigi talið, að stefnda hafi í skilningi 74. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933 auðgast á kostnað stefnanda í framangreindum lögskiptum. Ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Friðjón Þórðarson settur bæjarfógeti kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefnda, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Útibús Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 71/1955. Ákærvaldið (Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Erlingi Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði í máli þessu, hafa framhalds-próf verið háð og vitni eiðfest.

Um meiðsli drengsins Ragnars Hafliðasonar segir svo í skýrslu Bjarna Guðmundssonar héraðslæknis, dags. 20. nóvember 1954:

„Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, var lítið meiddur. Hann var með lítið sár á enni, tognun á hægri handlegg og smámar á baki. Fór heim samdægurs“.

Samkvæmt þessari skýrslu héraðslæknisins hafa meiðsli Ragnars ekki verið svo mikil sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á ákvæðum 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti er brotum ákærða rétt lýst og þau rétt færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.